

Alþingi  
Erindi nr. P 122/2130  
komudagur 4.5.198



Iðnaðarnefnd Alþingis  
Nefndarsviði Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 1998

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu (þingskjal stjfrv. 574 iðnrh. 17.12.1997, 359. mál; 122. löggjafarþings 1997-98).**

Umhverfisnefnd Félags íslenskra náttúrufræðinga hefur kynnt sér ofangreint frumvarp og sendir hér með athugasemdir sínar skv. beiðni.

Nefndin þakkar fyrir að fá frumvarpið til umsagnar en biður um leið afsökunar á hversu seint athugasemdir hennar berast. Hún vonar þó að taka megi tillit til einhverra athugasemda hennar.

## I. Inngangur

Frumvarpið fjallar um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu. Eðli máls samkvæmt þá er nýting auðlinda í jörðu nátengd umhverfi og náttúru. Umhverfisnefnd FÍN hefði því talið að í slíku frumvarpi og hér um ræðir væri að finna mun sterkari skírskotanir til þeirra málaflokka og jafnframt tilvísanir til gildandi laga og reglna sem þar gilda. Svo er ekki og hlýtur það að sæta furðu. Ekki er hægt að skilja lagatextann á annan hátt en þann að gildandi t.d. náttúruverndarlög og lög um mat á umhverfisáhrifum séu sniðgengin, ásamt reglugerðum á þeim byggðum. Þó slíkt hafi ekki verið ætlun höfundu frumvarpsins, þá er ekki hægt að vísa til slíks síðar náí lagatextinn fram að ganga eins og hann er nú, sérstaklega þar sem skýrari túlkanir hvað þetta varðar er heldur ekki að finna í greinargerð.

Þá má einnig á það benda að lögunum er ætlað að verða ótrúlega víðtæk. Eins og kemur fram í I. kafla þeirra, þá taka þau til *hvers konar frumefna, efnasambanda og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljóttandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við*. Allt það sem í jörðu finnst er annað hvort frumefni eða efnasamband. Þar með má segja að sé **engin** undantekning sé á gildi laganna. Þegar það er síðan einnig haft í huga að frumvarpið gerir ráð fyrir að iðnaðarráðherra geti látið rannsaka auðlindir **hvar sem er** á landinu með nýtingu í huga, þá verður nefndin að lýsa því yfir að henni finnst fyrirhugað gildissvið og vald iðnaðarráðherra með ólíkindum. Um ýmsar jarðmyndanir gilda sérstakar verndarreglur og er ekkert tillit til þeirra hér tekið, ekki einu sinni í greinargerð. Einnig gilda sérstakar reglur um jarðvegsnámur og frágang þeirra. Slíkar námur kunna einnig að vera háðar lögum um mat á umhverfisáhrifum, en þar fer að vísu eftir stærð þeirra. Iðnaðarráðherra er að vísu falið að fylgjast með að tillit sé tekið til umhverfissjónarmiða (sbr. 17. gr.). Nefndin telur hins vegar að iðnaðarráðherra sé ekki sá aðili sem sé bær til þess að fylgjast með slíku og að **alls ekki** eigi að blanda saman **eftirlitshlutverki** og **framkvæmdahlutverki** eins og hér gerist. Eðlilegra væri að umhverfisráðherra væri falið að hafa eftirlitshlutverkið með höndum. Með slíku væri einnig hægt að komast hjá hættu á hagsmunatengdum ákvörðunum.

## II. Athugasemdir við einstaka greinar.

### 1. gr.

Nefndin gerir að tillögu sinni að texti þessarar greinar verði endurskoðaður. Í greininni þarf að vísa til þess að önnur lög geti gilt um þessar auðlindir, og er þá átt við umhverfis- og náttúruverndarlöggjöf.

### 4. gr.

Vegna efnis greinarinnar vill nefndin koma eftirfarandi skoðunum sínum á framfæri:

- a) Þó iðnaðarráðherra sé heimilt að láta rannsaka og leita að auðlindum, þá sér nefndin ekki rök fyrir því að það leyfi eigi að ná til alls landsins. Þannig fær nefndin ekki séð nauðsyn þess að friðlýst svæði, þjóðgarðar og náttúruvætti t.d. séu undir sömu ákvæði seld og annað land. Svæði eru friðlýst vegna þess að þau eru einstök á einhvern hátt og þar með verðmæt og það verðmæti hefur væntanlega ekki verið talið felast í hugsanlegri námavinnslu.
- b) Nefndin leggur ríka áherslu á að settir verði staðlar og reglur og að gerðar verði skýrar kröfur til þeirra sem að fá leyfi til rannsókna samkvæmt þessum lögum. Slíkar reglur þurfa að kveða á um færni, menntun og þekkingu þeirra sem að rannsókninni starfa, umgengni, umfang rannsóknanna og frágang.
- c) Ekki getur talist nægjanlegt að Orkustofnun verði eingöngu gerð grein fyrir áætlunum rannsóknaraðila. Skilyrðislaust ætti einnig að gera Náttúrufræðistofnun slíka grein fyrir framkvæmdum og einnig Náttúruvernd ríkisins. Nfr.st. er yfirstofnun allra náttúrufræðilegra grunnrannsókna á landinu og N.r. hefur samkvæmt með höndum eftirlits- og umsagnarhlutverk sem ekki er hægt að hundska.

### 5. gr.

Í þessari grein er alls ekki tekið tillit til þess að verulegt rask og náttúruspjöll geta hlotist af leit. Þess vegna ætti, fyrir utan umsögn Orkustofnunar, jafnframt að leita umsagnar Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar. Einnig ætti að vera skylda að kynna slík áform fyrir sveitastjórnnum.

### 6. gr.

Nefndin gerir sömu athugasemdir og við 5. grein, nema að þar er átt við nýtingu í stað leitar.

### 8. gr.

Vegna ákvæða þessarar greinar, þá bendir umhverfisnefnd FÍN á að þessi grein lagafrumvarpsins gengur þvert gegn ýmsum gildandi lögum og reglugerðum. Nýting jarðefna getur fallið undir náttúruverndarlöggjöf, lög um mat á umhverfisáhrifum og aðra slíka löggjöf. Þá gæti greinin óbreytt stuðlað að enn frekari fjölgun smánáma um land allt þar sem ekkert er kveðið á um eftirlit. Þær eru nú þegar mikið vandamál eins og fram kemur í skýrslum sem teknar hafa verið saman af Náttúruverndarráði, nú Náttúruvernd ríkisins. Það fæst heldur ekki séð að frumvarpshöfundar hafi haft skýrslu umhverfisráðherra, „*Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi*“ til hliðsjónar við samningu þess.

### 10. gr.

Umhverfisnefnd FÍN bendir á að í þessari grein vantar öll ákvæði um umhverfisvernd og önnur verndarsjónarmið. Vegna þess að gert er skylt að tilkynna Orkustofnun um framkvæmdir, þá eru fyrri athugasemdir við 5.gr. (umsagnaraðilar) ítrekaðar.

**11. gr.**

Í greininni er að finna ákvæði um að ekki megi hefja að gerðir til nýtingar jarðhita fyrir en úttektarmenn hafa staðfest að ekki verði spjöll af þeim. Nefndin fagnar þessu ákvæði, en lýsir furðu á að ekki skuli vera gerðar sömu kröfur vegna annarra auðlinda í frumvarpinu (t.d. jarðefni).

Nefndin leggur ríka áherslu á að til „úttektarmanna“ þarf að gera skýrar kröfur um færni, menntun og þekkingu. Einnig þarf að vera ljóst að hvaða þáttum úttekt á að beinast til að tryggja að faglega sé að málum staðið. Það er álit nefndarinnar að slíkir úttektarmenn ættu alltaf að koma frá óskyldum aðilum, og er bent á eftirlitsmannakerfi Náttúruverndar ríkisins í því sambandi. Það myndi tryggja hlutlæga umfjöllun sem ætti að vera kostur. Slíkir úttektarmenn koma samt sem áður ekki í veg fyrir það að önnur ákvæði laga gildi, t.d. lög um mat á umhverfisáhrifum, og ætti það að koma fram í textanum.

**14. gr.**

Nefndin gerir sömu athugasemdir og við 10. grein.

**17. gr.**

Efni greinarinnar er ætlað að tryggja að umhverfissjónarmiða sé gætt. Umhverfisnefnd FÍN telur að hér sé alls ekki nægilega fast að orði kveðið, muu heppilegra væri að tala um „náttúruverndarsjónarmið“, enda er það mun betur skilgreint hugtak. Þá efast nefndin um að nægilegt sé að iðnaðarráðherra fari með þessi eftirlitsmál (en fyrir því er gert ráð í skýringum með greininni, þó sjálfsagt sé hér einvörðungu átt við eftirlit gagnvart ákvæðum laganna), slík mál eru enda ekki á hans verksviði, þar er fremur um að ræða verksvið umhverfisráðherra. Einnig ætti að vera skylt leita umsagnar Náttúruverndar ríkisins.

**18. gr.**

Vegna 7. liðar, þá telur nefndin að heppilegra væri að tala um „náttúruverndarráðstafanir“, sbr. athugasemdir við 17. gr.

**21. gr.**

Nefndin ítrekar þá skoðun sína að fleiri stofnanir eigi að koma að eftirliti en einungis Orkustofnun. Þar á nefndin við Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun, enda er hér verið að ræða um framkvæmdir sem snerta náttúru landsins óumdeilanlega.

**22. gr.**

Í ljósi þess að Náttúrufræðistofnun fer með grunnrannsóknir á jarðfræði Ísland, ætti hún að eiga aðgang að þeim gagnagrunni sem mælt er fyrir að verði hjá Orkustofnun. Þá mun einnig vera ákveðin gagnavörsluskylda Nfr.st. sem þarf að huga að.

**23. gr.**

Það er athyglivert að í þessari grein er talað um aðra opinbera aðila sem hefur verið veitt upplýsingar skv. þessum lögum. Þetta er bæði athyglisvert sökum þess að hvergi er talað um annan slíkan opinberan aðila en Orkustofnun (og því ekki „öðrum“ til að dreifa) og eins vegna þess að í skýringum við greinina er einungis talað um Orkustofnun. Það virðist því ekki vera ætlun frumvarpshöfunda að öðrum aðilum séu veittar upplýsingar skv. þessum lögum. Þetta þykir nefndinni furðulegt og ítrekar það hlutverk sem hún telur að Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun eiga að hafa í þessu máli.

#### 26. gr.

Vegna síðustu mgr. greinarinnar þá telur nefndin að alls ekki sé nægilega skýrt á um kveðið. Orðalag þar sem „gæta“ skal að ekki verði mengun er ekki ásættanlegt í því sambandi sem hér er verið að fjalla um.

#### 35. gr.


Umhverfisnefnd FÍN **varar eindregið við** að sett sé í þessi lög ákvæði þar sem fyrri leyfi fá ótakmarkað gildi. Nefndin bendir á svipað ákvæði í lögum um mat á umhverfisáhrifum og þau vandamál sem það hefur haft í för með sér fyrir önnur ákvæði þeirra laga. Allt eins má búast við slíku hér. Telji menn að ekki verði hjá komist að ákvæðið sé til staðar, þá ætt að takmarka það með einhverjum hætti, t.d. að þar sem framkvæmdir eru ekki hafnar 3 árum eftir gildistöku, skuli þær að öllu leyti falla undir ákvæði þessara laga.

### III. Niðurlag

Eins og sjá má af þeim atriðum sem tínd hafa verið til, þá telur nefndin þessu frumvarpi mjög áfátt í þeim atriðum sem lúta að náttúruvernd og umhverfismálum. Slíka hugsun vantar nærri algerlega í þetta frumvarp og það er ábyrgðarhluti þegar verið er að setja löggjöf sem getur haft jafn afdrifarík áhrif á umhverfið og hér um ræðir.

**Umhverfisnefnd Félags íslenskra náttúrufræðinga hvetur háttvirta iðnaðarnefnd til að endurskoða frumvarpið í ljósi þessara athugasemda.**

Fyrir hönd umhverfisnefndar FÍN,



---

Jóhann Þórsson, formaður

Afrit: Félag íslenskra náttúrufræðinga